

14.12.2009

Fjármálaráðuneytið

3. Mál nr. 257 (umhverfis- og auðlindaskattur)

3.1 Tillaga í umsögn Orkuveitunnar um að Landsnet annist innheimtu.

Svar: Ráðuneytið hefur tekið umrædda tillögu Orkustofnunar til skoðunar og telur að hún sé ekki til bóta. Með tillögunni er í raun verið að leggja til að nýr innheimtuaðili bætist við það kerfi sem frumvarpið mælir fyrir um. Smásöluaðilar á raforku myndu þurfa að innheimta skattinn af sínum notendum, skila því til Landsnets sem myndi skila skattinum til innheimtumanns ríkissjóðs. Auk þessa er hætt á að slík framkvæmd geri það af verkum að skattlagning nái ekki til þeirra notenda sem gert hafa langtímasamninga um kaup á orku sbr. álframleiðslufyrirtæki, heldur lendi á þeim sem selja orkuna. Samkvæmt tillögum frumvarpsins skila smásöluaðilar gjaldinu milliliðalaust til innheimtumanns.

3.2 Sjónarmið í umsögn Orkuveitunnar, þ.e. að þeir sem búa við erfiðar aðstæður muni borga mest

Svar: Ljóst er að skattlagning á heitt vatn m.v. hverja orkueiningu er mjög miklum erfiðleikum háð. Vatn er mismunandi heitt eftir hitaveitum og gjaldskrár útfærðar með mjög mismunandi hætti bæði út frá hita og erfiðleikum við dreifingu vatnsins. Til þess að gæta samræmis í grundvelli skattlagningarinnar var ákveðið að fara þá leið að leggja skattinn á söluna óháð þáttum eins og hita vatnsins eða notkun í lítrum. Þetta leiðir til þess að skatturinn leggst misjafnt á viðskiptavinum einstakra orkufyrirtækja. T.d. myndi viðskiptavinur hjá Orkuveitu Reykjavíkur í Reykjavík þurfa að greiða 1174 kr. í skatt af heitu vatni á ári m.v. 700 m³ notkun. Sami viðskiptavinur, væri hann í viðskiptum við Norðurorku á Akureyri, sem er ein af dýrari stærri hitaveitum landsins og nýtur ekki niðurgreiðslna, þyrfti að greiða 1681 kr. í skatt á ári. Munurinn er því 507 kr. á ári eða 42 kr. á mánuði. Ráðuneytið telur að þar sem um svo lágar upphæðir sé um að ræða fyrir hvern og einn notanda sé ekki réttlæt看legt að fara út í kostnaðarsamar aðgerðir til þess að jafna greiðslur hvers og eins notanda.

3.3 Samkomulag við stóriðju um fyrirframgreiðslu á skatti.

Svar: Í framangreindu frumvarpi er ekkert fjallað um samkomulag við stóriðju um fyrirframgreiðslu á skatti og er í því sambandi vísað til frumvarps iðnaðarráðherra á þingskjali 370, 318. mál, um breyting á heimildarlögum um stóriðju vegna skattgreiðslna 2010, 2011 og 2012 o.fl.

3.4 Athugasemd í niðurlagi umsagnar Samband íslenskra sveitarfélaga um endurgreiðslur til garðyrkjubænda og íbúða á köldum svæðum.

Svar: Miðað við 12 ára skatt er reiknað með að raforkureikningar garðyrkjubænda hækki um 8,4 milljónir og raforkureikningar húsnæðis á köldum svæðum um 30,7 milljónir við gildistöku frumvarpsins. Hægt er að sundurliða hækkun á raforkureikningum húsnæðis á köldum svæðum í tvennt, annars vegar 21,1 milljón vegna almennrar heimilisnotkunar og 9,6 milljónir vegna rafhitunar íbúðarhúsnæðis í landbúnaði. Það er ætlun stjórnvalda að koma þessum greiðslum aftur til baka til þessara aðila í gegnum þau endurgreiðslukerfi sem þegar eru til staðar. Árleg orkunotkun garðyrkjubænda liggur fyrir og því einfalt að koma skattfjárhæðinni til baka til þeirra í gegnum aðlögunarsamninga þeirra við landbúnaðarráðuneytið. Hvað varðar húsnæði á köldum

svæði er hægt að koma raforkuskatti til þeirra með lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar.

3.5 Tilgreind ummæli í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu: „Það er lágmark þegar íslensk stjórnvöld segjast byggja hugmyndir sínar á því sem er að gerast í Evrópu að þau segi satt og rétt frá því hvernig það er gert...“.

Svar: Í tilvitnaðri setningu frumvarpsins er segir: „Slíkan skatt má finna í flestum ríkjum Evrópu“ og í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu er þetta orðalag gagnrýnt. Eftir að hafa farið aftur yfir forsendur málsins tekur ráðuneytið undir með Samtökum verslunar og þjónustu að því leyti að í tilvitnuðu orðalagi er fullsterkt tekið til orða og þykir ráðuneytinu það miður. Hið rétta er að mörg ríki innan Evrópu hafa lagt á eða munu leggja kolefnisgjald á fljótandi jarðefnaeldsneyti á árinu 2010 og þar með talin þau lönd sem við berum okkur einna helst við, s.s. Norðurlöndin.

3.6 Atriði í umsögn ríkisskattstjóra, um erfiðleika með tölvukerfi og tillögu um kerfi tekjubókhalds ríkisins.

Svar: Ráðuneytið telur vert að skoða þá ábendingu RSK nánar að umsýsla og skráarhald tengt þessum umhverfis- og auðlindasköttum eigi betur heima hjá fjársýslu ríkisins (tekjubókhaldskerfi þeirrar stofnunar). Verður málið rætt við forsvarsmenn beggja stofnana.

3.7 2. og 3. liður úrbótatillagna sem fram koma í umsögn Samorku.

Svar: Í úrbótatillögum Samorku er lagt til að orðið „sannanlega“ verði tekið út úr setningunni „sannanlega töpuðum útistandandi kröfum“. Ráðuneytið mótmælir þessari tillögu. Ákvörðun um það hvort að krafa sé sannanlega töpuð í skattalegu tilliti getur aldrei orðið einhliða ákvörðun þess sem hefur forræði á innheimtu kröfunnar. Árangurslausar innheimtuaðferðir verða að hafa farið fram áður en hægt er að mótreikna skatt af töpuðum kröfum. Af hálfu skattyfirvalda er þá gerð krafa um að í versta falli sé um að ræða gjaldþrot eða að aðrar innheimtuaðferðir hafi verið reyndar sem sannanlega sýna fram á að viðkomandi muni ekki greiða kröfuna. Í þessu sambandi má vísa til sambærilegra ákvæða í lögum um tekjuskatt og lögum um virðisaukaskatt. Í þriðja lið úrbótatillagna Samorku er bent á að það geti verið erfiðleikum bundið að mæla nákvæmlega hvort rafmagn er notað til framleiðslu á heitu vatni, sem er undanþegið gjaldskyldu, eða hvort rafmagn er notað til skrifstofustarfssemi veitufyrirtækis. Frumvarpið heimilar að greiðsla skattsins fari eftir áætlaðri notkun og mælir ráðuneytið því með að notkun rafmagns á skrifstofu veitufyrirtækis sé áætluð eða að slík notkun sé hreinlega mæld fremur en að veitufyrirtæki verði undanþegin skattskyldu.

3.8 Sjónarmið sem fram kemur m.a. í umsögn Olís um endurkröfur vegna „sannanlega tapaðra krafna“.

Svar: Ráðuneytið mótmælir tillögu Olís um að heimilt verði að endurkrefja ríkissjóð um kolefnisgjald vegna sannanlegra tapaðra krafna. Hér er um að ræða gjald sem lagt er á vöru við innflutning líkt og gengur og gerist í tolli óháð því hvort að sá sem kaupir vöruna af innflytjanda greiði fyrir hana. Allt eins væri hægt að veita sömu heimild vegna álagningar tolls við innflutning. Varðandi tilvísun Olís til 2. mgr. 9. gr. laga um olfugjald þá bendir ráðuneytið á að olfugjald er lagt á við sölu en ekki við innflutning og er því ekki um sambærileg atriði að ræða.

3.9 Athugasemd í umsögn KPMG sem varðar 3. gr., nánar tiltekið verksvið tollstjóra til álagningar gjaldsins á innlenda framleiðslu.

Svar: Í umsögn KPMG segir að það samrýmist ekki meginuppbyggingu íslensks skattkerfis að fela tollstjóra álagningu kolefnisgjalds á innlenda framleiðslu. Í þessu sambandi vill ráðuneytið benda á þrjú atriði til stuðnings tillögu frumvarpsins. Í fyrsta lagi verður ekki séð að framleiðsla á innlendu fljótandi eldsneyti eða aðvinnsla þess muni koma til á næstunni og því mun tæpast reyna á ákvæðið er varðar innlenda framleiðslu. Í öðru lagi er þegar til staðar fyrirmynd að þessu fyrirkomulagi, en það er álagning og innheimta bensingjalds sem er alfarið á hendi tollstjóra og hefur gefist mjög vel. Í þriðja lagi og það sem skiptir kannski mestu er að ráðuneytið taldi ráðlegt að auka ekki frekar á álag skattýfirvalda varðandi álagningu og eftirlit tengt upptöku nýrra skatta.